

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag fyrir frístundahúsalóð, Efri-Brú, Sökk, lóð nr. 5.*
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur frístundahúsalóðum sem liggja að Úlfjótuvatni. Aðkoma er frá Þingvallavegi (nr. 36). Heimilt er að byggja á lóðunum frístundahús á einni hæð og 40 m² gestahús eða geymslu. Heimilt er að hafa svefnloft á mest helmingi hússins. Botnplata skal liggja á bilinu 20-50 cm yfir jarðvegsyfirborði þar sem aðliggjandi land er hæst. Meðalvegghæð má vera mest 3,5 m. Nýtingarhlutfall er að hámarki 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn þann 2. mars 2016.
Með þessu fellur úr gildi deiliskipulagsáætlunin sem var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 3. júní 2016 (auglýsing nr. 487/2016) þar sem samþykkt sveitarstjórnar var ranglega sögð þann 20. apríl 2016.
2. *Deiliskipulagsbreyting, Sel, lóð, lnr. 204582, Heiðarsel úr landi Sels, aukahús.*
Í breytingunni felst að auk 100 m² aðalhúss og 10-15 m² svefnhúss/gróðurhúss má nú byggja 40 m² aukahús á lóðinni.
Samþykkt í sveitarstjórn þann 17. maí 2017.
Með þessu fellur úr gildi deiliskipulagsáætlunin sem var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 26. júní 2017 (auglýsing nr. 564/2017) þar sem samþykkt sveitarstjórnar var ranglega sögð þann 7. maí 2017.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. ágúst 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. september 2017